

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið

Reykjavík, 3. desember, 2010

Ágæti ráðherra,

Hinn 8. nóvember sl. fór fram þriðji fundur samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Eitt mál var á dagskrá fundarins, umfjöllun um drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2011- 2014.

Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins, kynnti drög að „Þróunarsamvinnuáætlun“ dagsett 1. nóvember 2010 og Sighvatur Björgvinsson fjallaði um drögin frá sjónarhóli Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Fulltrúar í samstarfsráði lýstu almennri ánægju með að nú hylli undir að áætlun í þróunarsamvinnu til næstu fjögurra ára verði lögð fram á Alþingi sbr. ákvæði laga. Framlagning áætlunarinnar marki ákveðin tímamót og miklu skipti að þróunarsamvinna sé einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Fram kom ánægja með framsetningu áætlunarinnar, þann anda sem í henni er að finna og þá hugmyndafræði sem hún lýsir. Þá sé í skjalinu sleginn réttur tónn varðandi þau gildi og áherslur sem Íslendingar vilji leggja til grundvallar þátttöku sinni í alþjóða þróunarstarfi.

Fulltrúar þökkðu starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ fyrir þá undirbúningsvinnu sem fram hefur farið á undanförunum mánuðum við gerð draganna. Eftirfarandi sjónarmið og athugasemdir komu fram í umræðum á fundinum.

Rætt var um markmið um þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar. Fulltrúar í ráðinu lýstu stuðningi við áform um stigvaxandi hækkun framlaga frá árinu 2012. Jákvætt sé að í áætluninni komi fram að samdráttarskeiði í þróunarsamvinnu ljúki brátt og stjórnvöld sjái fram á öflugra starf á nýjan leik. Hækkun sem lögð er til í áætluninni sé hófleg og taki tillit til efnahagsaðstæðna í íslensku samfélagi. Ekki sé ástæða til að gera athugasemd við skiptingu framlaga milli einstakra liða eins og hún er sett fram í áætluninni.

Bent var á að jafn mikilvægt sé að hugsa um gæði og umfang framlaga. Markmið Sameinuðu þjóðanna þess efnis að 0,7% vergra þjóðartekna skuli renna til þróunarmála sé að sönnu mikilvægt og ánægjulegt ef Ísland næði því, en leggja eigi áherslu á það hvernig þeim fjármunum sem fyrir liggur að verði ráðstafað sé best varið. Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að orðalag um 0,7% markmiðið sé veikt og áætlun um að ná því árið 2021 virðist óraunhæf miðað við að framlög muni einungis nema 0,23% af vergum þjóðartekjum á árinu 2014.

Áætlun um eflingu samstarfs stjórnvalda við frjáls félagasamtök hlaut góðan hljómgrunn meðal fulltrúa og stuðningur er við að í fjárlögum verði framvegis sérstakur liður fyrir það samstarf. Á það var bent að áætlunin mætti vera enn metnaðarfullri um hlutverk félagasamtaka, þ.m.t. að framlög til þeirra hækki hlutfallslega enn hraðar en þar kemur fram. Í drögum mætti einnig breyta orðalagi til að gefa hlutverki félagasamtaka enn meira vægi og þá mætti undirstrika betur

fjölbreytileika þeirra. Einnig eru stjórnvöld hvött til að koma á fyrirkomulagi um gerð rammisamninga við félagasamtök sem geti gilt til nokkurra ára í senn. Þó einhver bið verði á innleiðingu slíkra samninga mætti nefna áform um slíkt í áætluninni.

Í hópi félagasamtaka er ánægja með að grundvöllur samstarfs við stjórnvöld hefur styrkst mjög á undanförunum misserum og að nú hefur verið komið á sameiginlegum verklagsreglum ráðuneytisins og ÞSSÍ um samstarf. Vonbrigða hefur gætt í hópi félagasamtaka með að niðurskurður á framlögum til ÞSSÍ hefur leitt til þess að ekki hefur orðið framhald á samstarfi stofnunarinnar og félagasamtaka að þróunarverkefnum. Þessi þróun hefur bitnað á samstarfi íslensku samtakanna við þeirra alþjóðasamtök.

Ábending kom fram um að gæta þurfi betra jafnvægis í umfjöllun um neyðaraðstoð, þar sem stofnanir Sameinuðu þjóðanna eru ekki ávallt fyrstar til að bregðast við þegar skyndileg neyðartilfelli verða. Félagasamtök gegni oft á tíðum mikilvægara hlutverki við slíkar aðstæður og séu viðbragðsfljótari.

Fjallað var um störf Íslendinga á vettvangi á stríðshráðum svæðum. Fram kom að á síðasta áratug hafa á þriðja hundrað einstaklingar farið til starfa undir merkjum Íslensku friðargæslunnar til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Í máli fulltrúa kom fram það sjónarmið að samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna sé ákjósanlegast til að sátt ríki um störf að friðaruppbyggingu og friðargæslu. Jafnframt var bent á lykilhlutverk Alþjóðaráðs Rauða krossins sem hlutlauss og óháðs aðila sem sinni mannúðaraðstoð og berjast fyrir að alþjóðleg mannúðarlög séu virt á átakasvæðum. Mikilvægi þessa starfs ætti að koma skýrt fram í áætluninni, enda styður utanríkisráðuneytið starfsemi alþjóðaráðsins með reglulegum framlögum.

Nokkur skoðanaskipti voru um aðferðafræði þróunarverkefna og spurningar vöknudu um hlutverk samstarfsráðsins við umfjöllun um þær leiðir sem farnar verða í einstaka samstarfslöndum og innan þeirra málaflokka sem áætlunin leggur áherslu á. Ljóst er að þessi atriði verða til umfjöllunar í samstarfsáætlunum og í stefnuskjölum um jafnréttismál og umhverfismál sem áætlunin gerir ráð fyrir að mótuð verði á komandi misserum. Vilji er til að ráðið fjalli um samstarfsáætlanirnar og stefnuskjölin eftir því sem vinnu við þau vindur fram.

Að síðustu vil ég upplýsa að hinn 22. janúar sl. áttu fulltrúar í samstarfsráði óformlegan fund með Önnu Brandt, aðalfulltrúa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans og fyrrverandi sendiherra Svíþjóðar í Kenýa. Á fundinum fjallaði Anna um þau mál sem efst eru á baugi í alþjóðlegu þróunarstarfi. Því miður átti ég ekki kost á að sækja fundinn, en þátttakendur gerðu góðan róm að umfjöllun hennar og umræðum.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit: Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu